



## 1 Viðfangsefni, aðdragandi og tilgangur

Fallorka hf. hefur óskað eftir því að gerð verði breyting á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 í Grímsey með það að markmiði að heimilt verði að reisa vindmyllur í Grímsey.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti umsókn Fallorku um heimild til að vinna breytingu á gildandi aðalskipulagi á fundi sínum 28. apríl 2021.

Fallorka hefur í hyggju að reisa tvær 6 kW vindmyllur í Grímsey á árinu 2021 en allt að sex vindmyllur til framtíðar. Möstrin á vindmyllunum verða 9 m á hæð og spaðarnir 5,6 m í þvermál, hæsti punktur frá jörðu er því tæplega 12 m. Gert er ráð fyrir að fjarlægð á milli mastra verði um 30-50m.

Gert er ráð fyrir að vindmyllurnar verði miðsvæðis á austurhluta eyjarinnar en á svæðinu eru þegar fjarskiptamöstur og tæknibúnaður, en svæðið er þess utan óbyggt.

Landslag ehf. hefur umsjón með gerð breytingar á aðalskipulagi fyrir hönd Fallorku.

Skv. skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar, aðalskipulagsbreytingar í þessu tilfalli, taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni.

Deiliskipulagið fellur ekki undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana þar sem deiliskipulagið mun ekki fela í sér framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum.



Mynd 1. Loftmynd sem sýnir staðhætti, rauður hringur sýnir afmörkun þess svæði sem breytingin nær til.

## 2 Skipulagsleg staða - aðalskipulag


Á svæðinu er skilgreint athafnasvæði merkt AT20 í gildandi aðalskipulagi sem er 0,4 ha að stærð.

Hér að neðan er tafla um athafnasvæði AT20 í greinargerð gildandi aðalskipulags.

Merking	Heiti	Svæði	Stærð ha	Lýsing og sérákvæði reita
AT20	Svæði fyrir miðjum austurhluta eyjarinnar	Grimsey	0,4	Fjarskiptamastur. Ódeiliskipulagt. Ekki eru fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi reitsins.

### 2.1 Breyting á aðalskipulagi

Breyting á aðalskipulagi felst í því að þegar skilgreint athafnasvæði AT20 stækkar úr 0,4 ha í um 1,0 ha og þeim skilmálum bætt við að innan svæðisins verði heimilt að reisa allt að 6 vindmyllur með hámarkshæð frá jörð allt að 12 m.



Mynd 2. Hluti aðalskipulags Akureyrar 2018-2030, séruppdráttur fyrir Grimsey. Rauður hringur sýnir það svæði sem breytingin nær til.

### 3 Áhrifamat

Breyting á aðalskipulagi fellur ekki undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana þar sem breytingin mun ekki fela í sér framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum.

Aftur á móti verður gerð grein fyrir áhrifum breytingar á aðalskipulagi á umhverfið í samræmi við 12. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

### 4 Skipulagsferli

Mögulegur tímarammi breytingar á aðalskipulagi:

*Mái 2021* Unnið að skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar vinnu við breytingu á aðalskipulagi. Eftir að skipulagslýsingin hefur verið afgreidd af skipulagsráði og bæjarstjórn mun hún vera kynnt, auglýst og liggja frammi hjá skipulagssviði Akureyrarbæjar og á heimasíðu sveitarfélagsins: [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is)

Unnið að tillögu að breytingu á aðalskipulagi í samstarfi við skipulagsráð og aðra hagsmunaaðila.

*Júní 2021* Tillaga að breytingu á aðalskipulagi kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi tekin fyrir á fundi skipulagsráðs og á fundi bæjarstjórnar þar sem tillagan er afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi send Skipulagsstofnun sem hefur allt að fjórar vikur til að gera athugasemdir.

*Júlí. – ágúst. 2021* Tillaga að breytingu á aðalskipulagi í lögbundnu auglýsingar- og kynningarferli.

*September 2021* Tillaga að breytingu á aðalskipulagi tekin aftur fyrir á fundi skipulagsráðs ásamt mögulegum athugasemdum og umsögum sem borist hafa.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi samþykkt af skipulagsráði og bæjarstjórn.

Breyting á aðalskipulagi send Skipulagsstofnun sem hefur allt að fjórar vikur til að koma með athugasemdir. Geri Skipulagsstofnun ekki athugasemdir öðlast breyting á aðalskipulagi gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.



## 5 Kynning og samráð

Í tengslum við vinnu við breytingu á aðalskipulagi verður haft samráð eða samband við þær stofnanir og hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir breytingu á aðalskipulagi.

Helstu samráðsaðilar:

- *Skipulagsstofnun*
  - *Lýsing á skipulagsverkefni verður lögð fyrir Skipulagsstofnun við upphaf vinnu við breytingu á aðalskipulagi í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.*
- *Umhverfisstofnun*
- *Minjastofnun Íslands*
- *Rarik*
- *Míla*
- *Viðeigandi nefndir og deildir Akureyrarbæjar*

Gert er ráð fyrir að lýsing þessi verði kynnt almenningi og hagsmunaaðilum innan skipulagssvæðisins í formi auglýsingar ásamt því að lýsingin mun liggja frammi hjá skipulagssviði Akureyrarbæjar og vera aðgengileg á heimasíðu Akureyrarbæjar: [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is)